



Til: Steinar Rafn Beck Baldursson <sbeck@umhverfisstofnun.is>  
Afrit: "Sigurður Á. Práinsson" <sigurdur.thrainsson@uar.is>  
Efni: Umsagnarbeiðni vegna föngunar á yrðlingum  
Upplýsingar: Sent: 27-06-2019 09:51:30 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019060019, Bréfalyklar: 42-6 um refa- og minkaveiðar

Tilvísun í mál: 2019060019

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 20. júní sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, í samræmi við 26. gr. laga um velferð dýra nr. 55/2013, um umsókn „Sveitagarðsins Rúna að Stóra Hálsi um leyfi til að fanga tvo yrðlinga og halda í búri til sýnis fyrir ferðamenn sem heimsækja garðinn.

Samkvæmt 26. gr. er meginreglan sú að óheimilt er að halda villt dýr. Umhverfisstofnun getur þó veitt leyfi til föngunar villtra dýra til nota við rannsóknir, fyrir söfn og dýragarða, til ræktunar og undaneldis eða annarra sambærilegra nota.

Í framangreindu bréfi kemur fram að ekki er búið að setja reglugerð skv. framangreindri 26. gr. sem kveður á um skilyrði fyrir veitingu leyfis og um aðferðir við föngun og meðferð villtra dýra við flutning og vörslu. Jafnframt er skv. 26. gr. ráðherra heimilt að kveða á um bann við föngun og vörslu tiltekinna tegunda villtra dýra með tilliti til sjónarmiða um velferð dýra. Í gögnum málsins er ekki að finna neinar upplýsingar um þau leyfi sem Sveitagarðurinn Rúna hefur né upplýsingar um úttekt á garðinum hvað varðar aðstæður og hæfni starfsmanna garðsins til að halda dýr þ.m.t. villt dýr. Þar sem þetta liggur ekki fyrir getur Náttúrufræðistofnun ekki mælt með því heimilt verði að veiða tvo yrðlinga í framangreindum tilgangi.

Einnig vill Náttúrufræðistofnun benda á ósamræmi sem er á milli laga um velferð dýra nr. 55/2013 þar sem segir að **Umhverfisstofnun** geti veitt heimild til að veiða villt dýr, sbr. 26. gr., og laga nr. 64/1994 þar sem segir í 5. mgr. 7. gr. að **ráðherra** geti veitt undanþágur til veiða á villtum dýrum sem njóta friðunar eða verndar ef nota á þau við rannsóknir, fyrir söfn og dýragarða eða til ræktunar og undaneldis.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is



Frá: Steinar Rafn Beck Baldursson <sbeck@umhverfisstofnun.is>  
Dags: 06/20/2019 01:17:25 PM  
Til: "ni@ni.is" <ni@ni.is>, Ester Rut Unnsteinsdóttir <Ester@ni.is>  
Efni: Umsagnarbeiðni vegna föngunar á yrðlingum

Sæl verið þið

Í viðhengi er umsagnarbeiðni vegna föngunar á yrðlingum.

**Bestu kveðjur, Best regards**  
Steinar Rafn Beck Baldursson  
Sérfræðingur, Advisor

Svið sjálfbærni, Department for Sustainability  
Veiði-og verndarteymi, Hunting- and wildlife management team



UMHVERFISSTOFNUN